

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

### Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1 .....	kr. 225,00
Millifiskur nr. 1 .....	— 217,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	— 187,00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi miðast við f. o. b. Verðbil verður 3% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1975.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Gylfi Þórðarson.*

14. mars 1975.

Nr. 79.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatekna nr. 183 4. júní 1973.

### 1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skulu haldin í maímánuði, sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vörubekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjabekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra, ofannefndra prófa.

Geli nemi ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms skal hann skila læknisvottorði. Skal honum þá heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.